Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Samþykkt
18. apríl 2018
Byggingarfulltrúi




# Afstöðumynd

1 : 1000

**Byggingarlýsing: Ártunga 2 við Brúará í Bláskógabyggð.**
Staðgreinir: 8721-1-33280030. Gestahús 30,0 m² á 5004,4 m² lóð.

Almenn lýsing
Húsið er nýbygging 30,0 m² / 94,2 m³, gestahús á einni hæð, byggt úr timbri. Nýtingarhlutfall 0,012.

Meginburðarvirki hússins er timburgrind, timburbitar og -stoðir á steinsteyptum súlum

Undirstöður eru steinsteyptar súlur á þjappaðri fyllingu eða niður á burðarhæfan og viðurkenndan botn eða minnst 1200 mm undir endanlegt jarðvegsyfirborð.

Gólf eru timburgólf, 50x200 mm gólfbitar sem festast með þar til gerðum BMF-festingum í undirstöður. Einangrað er á milli bita með 200 mm þykkri steinull. 22 mm rakavarðar spónaplötur, þolplast 0,2 ofaná gólfbita. 9 mm vatnsheldur krossviður undir bita. U-gildi er 0.2 W/m²K eða betri.

Gólfhæð miðast við 400 mm yfir endanlegu jarðvegsyfirborði nánasta umhverfis.

Útveggir:
Burðarstoðir eru úr timbri 45x148 mm sem festast með til þess gerðum BMF-festingum, vinklum og öðrum tilheyrandi við fótreimar og sperrur. Útveggir einangrast með 150 mm þykkri steinull. Innan á stoðir kemur þolplast 02, sem rakavarnarlag, því næst einangrunarfyllt lagnagrind sem endanleg klæðning festist við. 12 mm vatnsheldur grenikrossviður skrúfast utan á útveggjastoðir. Á krossvið koma 20 mm þykkar lóðréttar lektur minnst c/c 600 mm. Útveggjaklæðning er fúavarin timburklæðning. U-gildi er 0.3 W/m²K eða betri. Litur ljósbrúnn jarðlitur sem tekur mið af umhverfinu.

Gluggar og útihurðir:
Í húsinu eru gluggar og útihurðir úr timbri, glerjað með tvöföldu K-gleri. U-gildi er 2.0 W/m²K eða betri. Litur ljósgrár.

Þak og þakkantar:
Efni og vinna hefðbundið, þaksperrur úr timbri 50x250 mm c/c 600 mm. Á milli sperra kemur 200 mm þykk steinull með vindpappa að ofan, undir steinull kemur þolplast 0.2, raflagnagrind og síðan endanleg loftklæðning. Útloftun milli sperra er 50 mm. Þakkantar úr fúavörðu efni. Á sperrur neglist 25 mm timburklæðning, þakpappi og bárujárn. U-gildi er 0.2 W/m²K eða betri. Litur á þakköntum ljósgrár.

Klæðningar:
Allar klæðningar innanhúss eru í flokki 2 eða betri.

Innveggir:
Innveggir eru 75 timburgrind.

Lagnaleiðir:
Skolp er lagt í fráveiturörum og tengt rotþró. Neysluvatnslagnir eru lagðar í ídráttarrörum í gólfi.
Hitalagnir eru í veggjum og ídráttarrörum í gólfum og tengjast hitakerfi (ofnum).
Rafmagnstafla er staðsett í millivegg.

Sorp:
Sorpgámar eru staðsettir við laugarvatnsveg og sér Bláskógabyggð um losun þeirra.

1:1000 0 10 20 30 40 50 m

Skýringar:

GN táknar Gólfniðurfall
HS táknar Handslökkvitæki
IV táknar Inntak fyrir kalt vatn
HV táknar Inntak fyrir heitt vatn
RF táknar Rafmagnstöflu
IR táknar Inntak fyrir rafmagn
R táknar Reykskynjara
RÞ táknar Rotþró

U-gildi byggingarhluta: (W/m²K)

| | |
|---|---|
| Þak: | 0,2 |
| Útveggir: | 0,4 |
| Gluggar: | 2,0 |
| Hurðir: | 3,0 |
| Gólf: | 0,3 |

| | |
|---|---|
| Lóðarstærð: | 5004,4 m² |
| Nýtingarhlutfall: | 0,006 |
| Bílastæði: | 2 |

Helstu brúttó stærðir:

| | m² | m³ |
|---|---|---|
| Botnplata | | 6,00 |
| Jarðhæð | 30,00 | 88,20 |

Öll málsetning á teikningu er í mm en kótar í metrum.
Athuga skal vel og sannreyna öll mál á staðnum og bera saman áður en smíði hefst.

Heimilisfang:
## Ártunga 2 við Brúará í Bláskógabyggð

Verkheiti:
Nýbygging

Verktegund:
Gestahús í landi Ártungu í Bláskógabyggð.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Landnúmer:** | 226435 | **Staðgreinir:** | 8721-1-33280030 |

## Afstöðumynd

Aðaluppdráttur

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Hannað af:** | ÞH | **Matshluti:** | 02 |
| **Teiknað af:** | ÞH | **Mælikvarði:** | 1 : 1000 |
| **Yfirfarið af:** | | **Dagsetning:** | 06.04.2018 |
| **Samþykkt:** | 10.04.18 ... 190452-4179 | | |

4504

þorsteinn Haraldsson Byggingafræðingur BFÍ
Siglo'52
TH HÖNNUN
GVENDARGEISLA 48 - 113 - REYKJAVÍK
SÍMI: 6937063
KENNITALA: 190452-4179
NETFANG: thorsteinn@idnskolinn.is

**A-98-03-01**
Númer
Útgáfa

Blaðastærð: A2

HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - FJÖLFÖLDUN ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMÞYKKI

Vistað: 9.4.2018 10:45:44
Útprentun: 10/31/16
Skrá: E:\Ártunga 2 Gestahús\Ártunga 2 Gestahús.rvt